

Mánudaginn 21. desember 1970.

Nr. 148/1970. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Guðjóni Emil Aanes

(Jón Hjaltason hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Ármann
Snævarr.**

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Sigmundur Böðvarsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Martin Tómasson og Sighvatur Bjarnason hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóupprætti staðar-ákvarðanir áhafnar gæzluflugvélarinnar TF — VOR yfir bátnum. Í greinargerð skólastjórans, dagsettri 21. september 1970, segir m. a. svo:

„A = staður bátsins kl. 2117 h. 28/4 '70 samkv. mælingu flugvélarinnar. Staður A mælist um 1.45 sml. frá landi, eða um 1.55 sml. innan fiskveiðimarkanna fyrir togveiðar.

B = staður bátsins kl. 2121 um 1.55 sml. frá landi, eða um 1.45 sml. innan fiskveiðimarkanna.

C = staður bátsins kl. 2123 um 1.7 sml. frá landi, eða um 1.3 sml. innan fiskveiðimarkanna.

D = staður bátsins kl. 2126 um 1.9 sml. frá landi, eða um 1.1 sml. innan fiskveiðimarkanna.

Hraði bátsins miðað við fjarlægðir milli mælistaða reiknast mér þannig:

A—B um 3.0 sml., B—C um 7.5 sml. og C—D um 4.6 sml.

Hér er þó um mjög stuttan tíma milli mælistaða að ræða og tíminn aðeins tiltekinn með mínútu nákvæmni. Má því

gera ráð fyrir talsverðri ónákvæmni í hraðanum milli mælistaða“.

Samkvæmt gögnum málsins verður talið sannað, að ákærði hafi gerzt sekur við lagaákvæði þau, sem í ákæruskjali greinir.

Hinn 30. nóvember 1968 veitti forseti Íslands samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar almenna uppgjöf saka vegna fiskveiðibrota, sem framín voru á íslenskum fiskiskipum frá 14. apríl 1965 til 30. nóvember 1968. Tveir refsidómar á hendur ákærða, sem kveðnir voru upp 3. marz og 30. september 1966, hafa því ekki ítrekunaráhrif. Baturinn Stefán Þór, VE 150, er 51.11 rúmlestir brúttó. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dagsettu 14. desember 1970, jafngilda 100 gukkkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa, en andvirði veiðarfæra bátsins var kr. 39.500.00 að mati dómkvaddra manna. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00, og málf lutningslaun verjanda, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Guðjón Emil Aanes, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, Jóns Hjalta-sonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 2. júlí 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins hinn 30. apríl 1970, á hendur skipstjóranum á vélbátnum Stefáni Þór,

VE 150, Guðjóni Emil Aanes, Fífilgötu 5, Vestmannaeyjum, fyrir fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum báti þriðjudagskvöldið 28. apríl 1970 út af Kötllutanga og Herjólfshöfða á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurgreindrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. 2. gr. nefndra laga nr. 21/1969, sbr. að öðru leyti reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Er nefndur Guðjón Emil ákærður til þess að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Guðjón Emil Aanes, er fæddur 24. júlí 1930 í Vestmannaeyjum og hefur sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1947 4/9 í Reykjavík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1949 3/4 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1950 14/1 í Vestmannaeyjum: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1950 10/2 í Vestmannaeyjum: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skil-orðsbundið, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga og 6. gr. áfengislaga.
- 1951 15/3 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1951 6/8 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir sama.
- 1951 26/10 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir sama.
- 1952 17/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 150 kr. sekt fyrir sama.
- 1952 28/10 í Vestmannaeyjum: Sátt, 150 kr. sekt fyrir sama.
- 1952 23/12 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir sama.
- 1953 5/3 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir sama.
- 1953 19/3 í Vestmannaeyjum: Sátt, 150 kr. sekt fyrir sama.
- 1953 6/5 í Vestmannaeyjum: Áminning fyrir ölvun innanhúss.
- 1953 16/10 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
- 1953 17/10 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga. 500 kr. skaðabætur fyrir spellvirki.

- 1957 19/4 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1960 30/1 í Vestmannaeyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir sama og brot gegn 231. gr. hegningarlaga.
- 1961 9/1 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1961 1/11 í Neskaupstað: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1962 28/3 í Neskaupstað: Sátt, 200 kr. sekt fyrir sama.
- 1962 20/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir sama.
- 1964 23/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir sama.
- 1965 1/2 í Vestmannaeyjum: Dómur: Varðhald í 30 daga, sviptur rétti til þess að öðlast ökuleyfi í 15 mánuði, fyrir brot gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956, áfengislögum og umferðarlögum.
- 1965 9/5 í Vestmannaeyjum: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga. Skaðabætur kr. 100.00 til Valdimars Traustasonar fyrir líkamsmeiðingar og kr. 250.00 til lögregluþjóns fyrir skemmdir á úri.
- 1966 3/3 í Vestmannaeyjum: Dómur: 20.000 kr. sekt fyrir ólöglegar togveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Afli og veiðarfæri m/b Dagrúnar, ÍS 11, gerð upptæk.
- 1966 28/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1966 30/9 í Vestmannaeyjum: Dómur: Varðhald í 2 mánuði, 25.000 kr. sekt fyrir ólöglegar togveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Afli og veiðarfæri m/b Sigurðar, VE 35, gerð upptæk.
- 1967 21/1 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1967 24/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 231. gr. hegningarlaga.
- 1968 13/5 í Vestmannaeyjum: Sátt, 300 kr. sekt fyrir sama.
- 1968 í Reykjavík: Hinn 30/11 1968 veitti forseti Íslands uppgjöf sakar, að því er varðar dómanna, uppkveðna 3/3 1966 og 30/9 1966.
- 1969 10/4 í Vestmannaeyjum: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1969 24/6 í Vestmannaeyjum: Dómur: 40.000 kr. sekt fyrir togveiðar innan fiskveiðimarkanna. Afli og veiðarfæri

m/b Glaðs, VE 270, gerð upptæk. Sýknaður í Hæstarétti þann 12/11 1969.

1969 2/7 í Vestmannaeyjum: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Í skýrslu Landhelgisgæzlunnar, dags. 29. apríl 1970, undirritaðri af skipherra flugdeildar Landhelgisgæzlunnar, Sigurði Þ. Árnasyni, segir á þessa leið:

„Þriðjudaginn 28. apríl 1970 var gæzlufugvél TF—VOR á eftirlitsflugi við Hjörleifshöfða. Kl. 21.12 var tekið eftir fiskibát skammt undan landi SSV af Hjörleifshöfða.

Kl. 21.14 var komið að m.b. Stefáni Þór, VE 150, sem var að toga með skutvörpu og hélt ASA-læga stefnu.

Kl. 21.17 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir bátnum:

LUNDARDRANGUR	
△ HATTA	> 29°56'
△ HAFURSEY	> 52°32'

Flughraði: 134 sjóm. á klst., flughæð: 500 fet.

Gefur það stað bátsins um 1.45 sjóm. frá landi.

Kl. 21.18 og kl. 21.19 var gert aðflug að bátnum, og sáust þá vírar svo og einkennisstafir greinilega.

Kl. 21.21 var staðarákvörðun endurtekin yfir bátnum:

LUNDARDRANGUR	
△ HATTA	> 29°14'
△ HAFURSEY	> 51°36'

Flughraði: 134 sjóm. á klst., flughæð: 350 fet. Gefur það stað bátsins um 1.55 sjóm. frá landi.

Kl. 21.22 sást, að hlerar voru komnir úr sjó.

Kl. 21.23 var staðarákvörðun enn endurtekin yfir bátnum:

LUNDARDRANGUR	
△ HATTA	> 28°24'
△ HAFURSEY	> 50°20'

Flughraði: 134 sjóm. á klst., flughæð: 350 fet. Gefur það stað bátsins um 1.7 sjóm. frá landi.

Kl. 21.24 sást, að báturinn var kominn á talsverða ferð, báðir hlerar í gálum og höfuðlína vörpunnar dróst í sjóskorpunni. Var stefna bátsins þá orðin S-læg.

Kl. 21.26 var staðarákvörðun enn endurtekin yfir bátnum:

LUNDARDRANGUR	
△ HATTA	> 28°03'
△ HAFURSEY	> 48°59'

Flughraði: 134 sjóm. á klst., flughæð: 400 fet. Gefur það stað bátsins um 1.9 sjóm. frá landi.

Kl. 21.27 sást, að aðstæður um borð í bátnum voru óbreyttar frá því kl. 21.24.

Kl. 21.30 var báturinn yfirgefinn.

Kl. 22.08 var aftur komið að m.b. Stefáni Þór, VE 150, sem var þá á ferð A skammt austan við þann stað, sem hann var mældur á kl. 21.26.

Skömmu síðar var haft samband við bátinn á bylgjulengdinni 2311 kriðs, en vegna erfiðra hlustunarskilyrða var ekkert not af því samtali.

Kl. 22.20 var báturinn yfirgefinn, og hafði hann þá breytt um stefnu og hélt V með landinu.

Framanskráðar mælingar voru gerðar af undirrituðum og Benedikt Guðmundssyni, stýrimanni, með sextant.

Með skýrslu þessari fylgir úrklippa úr sjókorti No. 32, þar sem staðir bátsins eru markaðir.

Veður: NV 2—3 vindstig, skýjað, skyggni gott“.

Skipherra á gæzluflugvélinni TF—VOR í umrætt sinn, Sigurður Þorkell Árnason, kom fyrir sakadóm Reykjavíkur og vann eið að framburði sínum. Kvaðst skipherra hafa sjálfur samið skýrsluna á dskj. nr. 1, kvað hana rétta og undirskriftin væri hans og hafi hann einnig sjálfur markað inn á sjókortið á dskj. nr. 2, sem lagt var fram í sakadómi Reykjavíkur, staði m/b Stefáns Þórs, VE 150, í samræmi við skráðar mælingar á dskj. nr. 1. Benedikt Guðmundsson stýrimann kvað skipherra hafa markað inn á frumrit sjókortsins, sem lagt er fram í máli þessu sem dskj. nr. 2 fyrir skadómi Vestmannaeyja. Skipherra kvaðst hafa yfirfarið síðarnefndu útsetningarnar og væru þær réttar í hvívetna. Kvaðst skipherra hafa séð í fyrsta aðfluginu bátinn toga og að togvírar lágu aftur af honum. Síðar sá skipherra, að hlerar höfðu verið hífðir úr sjó í gálga og að báturinn dró vörpuna á eftir sér, og hafði höfuðlína vörpunnar sézt mjög greinilega í sjóskorpunni. Þá kvaðst skipherra hafa séð 3—5 menn á þilfari bátsins nálægt kl. 2122 þetta kvöld.

Stýrimaður á gæzluflugvélinni TF—VOR í umrætt sinn, Benedikt Gunnar Guðmundsson, kom fyrir sakadóm Reykjavíkur og vann eið að framburði sínum og kvað staðarákvarðanir hafa verið gerðar með sextant, og kvaðst vitnið alltaf hafa mælt vinstra hornið og skipherra hægra hornið. Hafi að aflokinni hverri

einstakri mælingu hvor lesið af sínum sextant og auk þess hvor hjá öðrum til tryggingar réttum aflestri.

Vitnið Benedikt Gunnar kveðst í fyrsta aðfluginu hafa séð togvíra liggja úr togrúllum í stýrishúsinu aftur með bátnum og í sjó. Í þriðja aðfluginu kveðst vitnið hafa séð hlerana komna í gálga (að rúllum) og bátinn draga vörpuna á eftir sér, og freyddi sjórinn af kúlunum á höfuðlínunni og hafi kúlurnar sézt greinilega. Ekki kvaðst vitnið hafa séð mannaferðir um borð í bátnum. Kvað vitnið geta borið um dskj. nr. 1 og væri efni þess rétt og sömuleiðis væri frumrit sjókortsins, sem vitnið kvaðst hafa markað inn á, rétt. Afritið af sjókortinu á dskj. nr. 2, sem lagt var fram í sakadómi Reykjavíkur, kvað vitnið sams konar og frumritið.

Vitnið Páll Halldórsson, flugmaður á gæzluflugvélinni TF-VOR í umrætt sinn, kom fyrir sakadóm Reykjavíkur og vann eið að framburði sínum. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið þátt í staðarákvörðunum, en kvaðst fyrst hafa séð vírana á bátnum liggja í sjó og síðar hlarana koma úr sjó. Þá kvaðst vitnið hafa séð einkennisstafi bátsins, en eigi kvaðst vitnið hafa orðið vart mannaferða um borð í bátnum. Vitnið kvaðst geta borið um öll atriði skýrslunnar á dskj. nr. 1 fyrir sakadómi Reykjavíkur, nema staðarákvarðanir og tímasetningar, og sé þar rétt frá greint.

Ákærði, Guðjón Emil Aanes, kom fyrir sakadóm Vestmannaeyja og kvaðst hann ekkert geta sagt um staðarákvörðunina kl. 2117, þar eð hann hafi ekki tekið staðarákvörðun. Hann kvaðst ekki hafa verið að toga á greindum tíma, og kvaðst hann ekki hafa kastað þennan dag og kvaðst ekki vilja tjá sig um staðarákvarðanirnar á dskj. nr. 1 og 2.

Ákærði kveðst ekki vita, hvort einhverjir skipverjar hafi verið á dekki milli kl. 2115 og 2130 þetta kvöld.

Stýrimaður m/b Stefáns Þórs, VE 150, Elías Fannar Óskarsson, kom fyrir sakadóm Vestmannaeyja, og kvað hann ekki hafa verið kastað í umrætt sinn. Sagði hann óhugsandi, að togað hafi verið með skutvörpu kl. 2114 þetta kvöld eða síðar um kvöldið. Hafi kl. 2114 vírarnir verið slakir í gálgum, hlerarnir á dekkinu og trollið sömuleiðis. Kvað hann geta verið, að fangalínan hafi dregizt eftir bátnum. Hann kvaðst hafa farið upp á þilfar bátsins, meðan flugvélin var yfir bátnum.

Vitnið Bjartmar Vignir Þorgrímsson, háseti á m/b Stefáni Þór, VE 150, kveðst hafa farið í koju rétt eftir kl. 1900 og eigi vaknað fyrr en kl. um 1130. Hann varð aldrei var við gæzluflugvélina.

Vitnið kvað ekki hafa verið kastað umræddan dag, en það sé alltaf ræst, þegar kastað sé. Ekki kvaðst vitnið hafa orðið vart við, að fangalínan drægist á eftir bátnum.

Vitnið Jón Katarínusson, háseti á m/b Stefáni Þór, VE 150, kvaðst eigi reiðubúinn að vinna eið né drengskaparheit að framburði sínum. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við flugvélinu né kvaðst hann vita til þess, að kastað hefði verið umræddan dag.

Vitnið Steinar Ágústsson vann eið að framburði sínum í réttarhaldi í sakadómi Vestmannaeyja hinn 2. maí s.l., og kvað hann kastað hafa verið umræddan dag, og enn fremur kvaðst hann hafa heyrt orðið „hífa“ kallað, en síðar í réttarhaldinu þann sama dag viðurkenndi þetta vitni að hafa verið ölvað daginn, sem báturinn var tekinn, og kvaðst það þá eigi vita, hvort kastað hefði verið þennan dag. Eigi verður vitnisburður þessa vitnis tekinn til álita í máli þessu.

Svo sem að framan greinir, eru eiðfest vætti skipherra, stýrimanns og flugmanns gæzluflugvélarinnar TF—VOR í umrætt sinn. Ákærða hefur eigi tekizt að hnekkja staðarmælingum framangreindra yfirmanna flugdeildar Landhelgisgæzlunnar, sem lagðar hafa verið fram í máli þessu, og verða þær því lagðar til grundvallar í máli þessu.

Allir framangreindir yfirmenn Landhelgisgæzlunnar hafa eiðfest, að þeir hafi séð togvíra liggja úr bátnum í sjó og að hlerar hafi komið í gálga. Skipherra og stýrimaður gæzluflugvélarinnar TF—VOR í umrætt sinn hafa enn fremur borið, að þeir hafi séð vörpuna dregna á eftir bátnum. Verða þessir eiðfestu framburðir lagðir til grundvallar í máli þessu, enda verður eigi talið neitt það fram komið í málinu, sem þykir geta hnekkst þeim.

Samkvæmt framrituðu þykir mega telja sannað, að ákærði hafi verið að botnvörpuveiðum á m/b Stefáni Þór, VE 150, þriðjudagskvöldið 28. apríl 1970 út af Kötlutanga og Hjörleifshöfða á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og hefur því gerzt sekur um brot á öllum þeim lagaákvæðum, er í ákæru greinir, og þykir hafa unnið til refsingar samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 40 þúsund í sekt, sem honum ber að greiða í Landhelgisgjóð Íslands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa að telja, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Öll veiðarfæri um borð í m/b Stefáni Þór, VE 150, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgisgjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málflutningslaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega metin kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Emil Aanes, greiði kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Öll veiðarfæri um borð í m/b Stefáni Þór, VE 150, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan málskostnað, þar með talin málflutningslaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. desember 1970.

Nr. 184/1970. Ákærvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Benedikt Ragnari Sigurðssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómarnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason og prófessor Ármann Snævarr.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Sigmundur Böðvarsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn ásamt samdómsmönnum Angantý Eliassyni skipstjóra og Páli Þorbjörnssyni skipstjóra.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrætti staðarákvarðanir áhafnar gæzluflugvélarinnar TF — VOR yfir